

Alþingi
Erindi nr. P 132/732
komudagur 1.2.2006



Reykjavík 27. janúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Stéttarfélags verkfræðinga um frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

Pingskjal nr. 360, 328. mál

Stéttarfélag verkfræðinga (SV) hefur engar athugasemdir við þá hluta frumvarpsins sem fjalla um annað en einkaleyfi. Frumvarpið er almennt skýrt.

Stéttarfélag verkfræðinga telur hættu á misnotkun laganna ef þau verða samþykkt óbreytt. Í sífelld harðnandi viðskiptaheimi á Íslandi eru nokkur dæmi þar sem bráðabirgðagjörðum hefur verið beitt í viðskiptalegum tilgangi til þess að hefta frelsi einstaklinga og stöðva atvinnustarfsemi frumkvöðla með lögbandi. Þegar dæmt var í málunum kom í ljós að blekkingum hefur verið beitt til að fá yfirvöld til að fallast á bráðabirgðagjörð. Það er mikilvægt að varnagar séu til staðar til að varna þessu og tryggja að löggin verði ekki notuð til að hamla gegn frumkvöðlastarfi, nýsköpun og samkeppni. Mál sem tengjast einkaleyfum geta verið afar flókin og því mikilvægt að gögn sem lögð eru fram séu metin af sérfræðingum.

- 1) Löggin kveði skýrt á um að þau eigi ekki að nota í málum sem varða einkaleyfi, þegar deilt er um hvort verið sé að brjóta einkaleyfi milli tveggja framleiðenda (VI kafli skýringa).
- 2) Stéttarfélag verkfræðinga leggur til að ef kærufni lýtur að einkaleyfi þá þurfi 16. gr. laganna að kveða skýrt á um að gerðarbeiðandi fái ekki í hendur sönnunargögn fyrr en dómkvaddur matsmaður hefur ályktað að um brot á einkaleyfalöggjöfinni sé að ræða. Með þessu sé tryggt að gögn verði aldrei sýnd gerðarbeiðanda nema dómkvaddur matsmaður telji að gögnin séu illa fengin og í raun eign gerðarbeiðanda. Kostnaður vegna matsins sé greiddur af gerðarbeiðanda.
- 3) Trygging sem gerðarbeiðandi leggur fram sé rífleg og hún eigi að bæta miska, skaða á mannorði og tapaða viðskiptavild. Nóg verði fyrir gerðarþola að gera það sennilegt að slíkur skaði hafi orðið.
- 4) Það er skoðun Stéttarfélags verkfræðinga að sama skuli gilda varðandi mat á framlögðum sönnunargögnum (5.gr. liðir c til f) þegar farið er fram á leyfi til öflunar frekari sönnunargagna. Þar skuli einnig kveða til hlutlausan aðila til að meta hvort um líklegt brot á einkaleyfalöggjöf sé að ræða.
- 5) Tryggja verður með lögnum að þau verði ekki notuð í vinnuréttarlegum tilgangi eða tengslum við samkeppnisákvæði í ráðningarsamningum.

Reykjavík 27. janúar 2006.

E.K. Stéttarfélags verkfræðinga,

Arni B. Björnsson, framkvæmdastjóri